

Stjórnarfundur Samfés

Dags: 20.11.2019

Mættir: Victor, Áslaug, Karitas, Viktor, Laufey, Hrafnhildur, Svava, Inga.

Fjarverandi: Magnús

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

a. Stjórnarfundur Selfossi 30.10.2019

Ákveðið: breyta þarf orðalagi í nokkrum hlutum fyrri fundargerðar. Formaður situr fund með gjaldkera og framkvæmdarstjóra varðandi fjárhagsáætlun.

Fundargerð ekki samþykkt, verður lögð fram með breytingum fyrir næsta fund.

2. Liðnir viðburðir

a. Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan

- Ánægja með að hafa þetta sem viku í stað þess að hafa einn dag.
- Upp kom sú hugmynd fyrir næsta ár að reyna koma fleiri fréttum um félagsmiðstöðva og ungmennahúsavikuna.

Ákveðið: Verði áfram vika. Óska eftir að aðildafélagar skrifi greinar. Okkar hlutverk að benda á sniðugar leiðir til að auglýsa sig.

b. Rímnaflæði

Gekk vel í alla staði.

Fjörheimar- kvörtun vegna skilaboða frá Samfés um að til væru miðar hjá félagsmiðstöðvum enn miðar voru búnir.

Ákveðið: Hækkun á aldri-að leggja fyrir ungemnnaráð hvort að hækka eigi aldurinn upp í 18 ára á Rímnaflæði.

Miðar á Rímnaflæði- Pantaðir miðar eru keyptir miðar, hringt út og farið yfir miðapantanir, Laufey tekur að sér þetta úthringiverkefni fyrir næsta Rímnaflæði.

3. Næstu viðburðir

a. Barnaþing

Umboðsmaður barna, fimmtudag og föstudag 21-22. nóv. Fulltrúar frá Samfés ásamt ungmennaráðsfulltrúum. Inga starfsmaður samfés verður fulltrúi á föstudeginum.

b. Norræn tungumálarástefna

Inga og Matti eru í verkefnastjórn verkefnis. Þátttakendur frá ungmennaráðum komnir. Fulltrúar úr stjórn mæta sem geta. Samningur við Rannís, verið að endurskoða samning þar sem fleiri verkefni eru að lenda á Samfés en var í fyrri samning.

Ákveðið: Samkvæmt samningum þá á starfsmaður frá Rannís að taka á móti unglíngum sem koma fyrr á fimmtudegi og hugsa um þau fram að brottför.

c. Samfés-Con

Árlegur viðburður, enginn skráning, kostar ekki inn.

Ákveðið: Haldið í Vogunum. Matti og Víktor halda kaffifund með Dóra í Kópavogi.

4. Starfslýsingar

a. Ræddar og lagðar fyrir til samþykktar

Formaður hefur sent starfslýsingar á stjórnarmeðlimi til skoðunar.

Lagt fram til samþykktar á fundi. Samþykkt samhljóða.

5. Hlutverk stjórnarmeðlima

a. Rædd (breytt og lagt fyrir til samþykktar ef einhverjar breytingar verða)

Formaður hefur sent hlutverk stjórnar á stjórnarmeðlimi til skoðunar.

Lagt fram til samþykktar stjórnar, samþykkt samhljóða.

b. Starfsandi, breytingatillögur og fundarfyrirkomulag

Ákveðið: að samþykktar fundargerðir eru settar inn á heimasíðu. Formaður tekur að sér tímastjórnun.

Fundargerðir eru lagðar fram til samþykktar á settum fundi samdægurs.

6. Fjármál

a. Dagpeningar

b. Greiðslur til ungmenna

Ákveðið: Gera útlistaðar reglur um dagpeninga, formaður, starfsmaður og Áslaug gera tillögu. Tillaga send á ungmennaráð og verður lagt fyrir stjórn til samþykktar fyrir næsta fund.

7. Menntamálaráðuneytið

a. Heimsmarkmið 4.7

b. Minnisblað, fjárlög

c. Erindi ungmennaráða Samfés v. æskulýðslaga

Formaður og framkvæmdarstjóri fóru á stöðufund með menntamálaráðuneyti. Mikil ánægja með hvernig verkefnið er að ganga.

8. Ungmennaráð Samfés

a. Erindi til stjórnar v. Instagram

Ungmennráð tók upp á fundi sínum umræðu um Instagram og hvernig hægt sé að nota þennan miðil. Ráðið vill fá meiri aðgang að miðlinum og hafa sem dæmi gjafaleiki. Ungmennráð mundi skipta á milli sín að hafa aðgang að miðlinum.

Ákveðið: að ungmennráð setji saman reglur um notkun á miðlunum og hvernig ungmennaráð sér fyrir sér notkun hans til að leggja fram á næsta stjórnarfundi.

b. Tónlistarfólk á SamFestingnum

Ungmennaráð hefur haldið fund þar sem kosið var um hvaða artista þau vildu. Listi kynntur á fundi.

9. Önnur mál

Jólaleyfi starfsmanna

Ákvörðun að starfsmenn verði í launuðu leyfi frá þorláksmessu fram yfir áramót. Samþykkt samhljóða.

Frestað til næsta fundar sem haldin verður í 18. desember í Mosfellsbæ.

- ungmennarad.is
- Bæklingur, kynningarefni á okkar miðlum
- Stefnamótun Samfés 2020-2025, Hugarflug og markmiðasetning